

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (32. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér heimild til endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa og tengingu varmadælu til húshitunar.

Samkvæmt núgildandi lögum þá geta þeir aðilar sem ekki eiga kost á fullri hitun með jarðvarma sótt um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar til Orkustofnunar. Niðurgreiðslur á grundvelli þessarar heimildar nema í kringum milljarð króna árlega, skv. upplýsingum frá Orkustofnun, og er það fjármagnað úr ríkissjóði. Með samstarfi þeirra sem á köldum svæðum búa, ríkisins, Orkustofnunar og fyrirtækja sem starfa á þessu sviði má draga úr þessum niðurgreiðslum með því að finna aðrar, kostnaðarminni lausnir til húshitunar.

Niðurgreiðsla vegna hitunar er greidd sem hlutfall af kostnaði við hitun og því munar verulega um allar þær lausnir sem draga úr kostnaði við húshitun, bæðir fyrir ríkissjóð og viðkomandi aðila. Ofangreint frumvarp tekur skref í þessa átt með því að gera varmadælur aðgengilegri kost fyrir þá sem á köldum svæðum búa, enda munar miklu um þann afslátt sem í niðurfellingu virðisaukaskatts felst. Það verður hins vegar að gera athugasemdir við skort á forsendum og upplýsingum í umfjöllun greinargerðar með frumvarpinu. Ekki er fjallað um þann ávinning í krónum sem felst í því að setja upp varmadælur í stað raf-eða olíuhitunar. Samkvæmt Orkustofnun geta varmadælur lækkað rafhitunarkostnað um 25-80%, en þetta er mjög breytt bil. Ástæða er því til að kalla eftir frekari greiningu á því hvaða sparnaður til lengri tíma litið hlýst af umbreytingu úr rafhitun í varmadælur.

Einnig skortir á umfjöllun um þann kostnað sem getur hlotist af því að breyta úr rafhitun yfir í varmadælur. Ef breyta þarf um hitunarkerfi í húsum, hlýst af því verulegur kostnaður. Ekki kemur skýrt fram í ofangreindu frumvarpi eða greinargerð með því hvað felist í tengdum búnaði, fellur t.d. hér undir skipti á ofnakerfi í húsi? Þessu þyrfti að svara ásamt því að gera grein fyrir því hvort raunverulegur ávinningur sé af breytingu fyrir húseigendur þegar allur tilfallandi kostnaður er talinn með.

Markmið aðgerða sem þessara hlýtur að vera, þegar til lengri tíma er litið, að draga úr þörf á niðurgreiðslum vegna húshitunar þannig að lokum verði þær alveg óþarfar. Ekki eru nægilegar upplýsingar í greinargerð um hvort skipting yfir í varmadælur muni skila árangri í þessa átt kostnaðarlega séð. Kalla verður eftir frekari upplýsingum vegna þess.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda og að framlögðum þeim upplýsingum sem hér er kallað eftir.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands